

Fjárlaganefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Norðurlandi eystra, 12. október 2023

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um fjárlög, 1. mál.

Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra, SSNE, þakkar fyrir tækifæri til að veita umsögn um fjárlagafrumvarp 2024, 1. mál.

Það er fjölmargt jákvætt í þessu frumvarpi en einnig ýmislegt sem stjórn SSNE telur mikilvægt að ávarpa.

Varðandi atvinnuráðgjöf og byggðamál

Við samþykkt fjárlaga fyrir 2023 voru **framlög til atvinnuráðgjafar** hækkuð um 40 m.kr. sem var mikilvægt skref í að koma til móts við verðlags- og launahækkanir síðustu ára. Tillaga fjárlagafrumvarps 2024 er að draga þessa hækkun til baka. Aukningin sem fjárlaganefnd lagði til í fyrra er í fullu samræmi við bæði stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar, sem og samþykktu stefnu Alþingis í byggðamálum. Lækkun um þessar 40 m.kr. myndi draga mjög úr þjónustu atvinnuráðgjafa á landsbyggðinni sem er óásættanlegt og úr takti við stefnu stjórnvalda.

Undirbúningur að nýjum **Sóknaráætlunum** fyrir tímabilið 2025-2029 hefst á næsta ári en núverandi samningur rennur út í lok árs 2024. Skilaboð stjórnvalda ættu heldur að vera í þá átt að efla Sóknaráætlanir og því óásættanlegt að framlög lækki. Slíkt væru einnig óæskileg skilaboð Alþingis varðandi stöðu Sóknaráætlana inn í fjármálastefnu og fjármálaáætlun 2025-2029.

Á grunni Sóknaráætlunar hefur nú þegar verið hægt að hrinda í framkvæmd verkefnum þar sem sameiginlegir hagsmunir hvers landshluta fyrir sig eru hafðir að leiðarljósi og þar með valdefling nærsamfélagsins. Þetta er nauðsynlegur stuðningur við svæðisbundin nýsköpunarverkefni, sprota og frumkvöðla.

Fyrirhugaður niðurskurður til **ferða- og markaðsmála** grefur undan því mikilvæga markmiði að gera ferðaþjónustu að undirstöðuatvinnugrein á landsbyggðunum. Þá er augljóst að það mun draga úr þrótti við að byggja upp áfangastaði víða um land og dreifa þannig álagi af ferðamönnum. Á sama tíma og álgur á greinina eru auknar er lagt til í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2024 að draga úr bæði framlögum til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða og til reksturs áfangastaðastofa.

Stjórn SSNE leggur áherslu á að tillögur frumvarpsins um lækkun framlaga til Sóknaráætlana landshluta um 120 m.kr og framlög til atvinnuráðgjafar um 40 m.kr. verði dregnar til baka og hækkaðar til samræmis við verðlagsþróun. Á sömu forsendum verði lækkanir dregnar til baka og bætt enn frekar í framlög til bæði Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða og til reksturs áfangastaðastofa.

Þá vill stjórn SSNE hvetja vekja athygli á mikilvægi þess að auka framlög til aðgerða Byggðaáætlunar, eins og til dæmis aðgerðar **A.9 Verslun í dreifbýli**, en með vísitölutengdum hækkunum og hækkandi launakostnaði duga 15 m.kr. til stuðnings verslunar í dreifbýli um land allt skammt. Þá hafa orðið nokkrar breytingar á rekstrarumhverfinu með minnkandi þjónustu Póstsins um landið, en verslanir í dreifbýli hafa margar hverjar verið með þjónustusamninga við Póstinn sem skiptu verulegu máli fyrir reksturinn.

Falinn niðurskurður til lögreglu- og sýslumannsembættanna

Það er annars augljóst við yfirferð á fjárlagafrumvarpinu að þau verkefni sem fjárlaganefnd Alþingis taldi vert að styðja á síðasta ári og jafnvel síðustu ár eru skorin út. Þar má til að mynda nefna framlag vegna stöðugildis **Sýslumannsins á Norðurlandi eystra** á Þórshöfn, sem og **útibú Persónuverndar á Húsavík**. Þannig má segja að ekki fari saman hljóð og mynd hjá stjórnarráðinu, en ráðherrar hafa talað mjög fyrir því að fjölga störfum án staðsetningar og störfum almennt utan höfuðborgarsvæðisins, en þau eru svo það fyrsta sem skorið er af þegar á reynir. Þetta telur stjórn SSNE vera óásættanlegt og hvetur fjárlaganefnd til að setja þessi og fleiri framlög eins og til að mynda til **Safnasafnsins** aftur inn í fjárlögin.

Þá vill stjórn SSNE vekja athygli á þeim niðurskurði sem er **bókstaflega falinn í fjárlagafrumvarpinu**, en þar sem stofnunum eins og til að mynda Sýslumannsembættunum er gert að skera niður kostnað hlutfallslega þá jafngildir það einfaldlega **uppsögnum á starfsmönnum** þar sem rekstrarkostnaður eins og húsaleiga hækkar bara og þá er það eina sem eftir er í stöðunni að segja upp fólki. Þannig má segja að þetta fjárlagafrumvarp sé óbeint að leggja til að fækka starfsfólki sýslumannsembættanna um landið, á meðan **embættin í Reykjavík eru flest með húsnaðiskostnað í sérsamningum og utan þessa módelis**. Það er eitthvað sem vert er að huga að.

Stjórn SSNE lýsir enn og aftur yfir miklum áhyggjum af þeirri staðreynd að **embætti Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra** er ekki að fá þær fjárveitingar sem þörf er á til reksturs embættisins. Enn er staðan sú að hætta er á að lögreglan á Norðurlandi eystra hafi ekki þann styrk sem þarf ef upp koma alvarlegri mál og hætta á að ekki verði hægt að tryggja öryggi borgara. Ljóst er að verkefnum embættisins hefur fjölgað mikið á síðustu árum. Þannig má nefna almennt aukið álag vegna fjölgunar íbúa og ferðafólks innan landshlutans, en jafnframt er mikil aukning á millilandaflogi um Akureyrarflugvöll og komum skemmtiferðaskipa sem þýðir umtalsverða aukningu á álagi vegna landamæraeftirlits á flugvellinum á Akureyri og í höfnum landshlutans. Það var afar jákvætt framlag sem fjárlaganefnd setti inn í fjárlög síðasta árs til styrkingar löggæslu út á landi, en því miður skiluðu þeir fjármunir sér takmarkað út í landshlutann.

Heilbrigðisþjónusta

Stjórn SSNE lýsir einnig yfir **miklum áhyggjum af stöðu heilbrigðisstofnanna** í landshlutanum. Ljóst er að boðaður niðurskurður í framlögum til stofnanna mun gera þeim enn erfiðara fyrir að tryggja þá grunnþjónustu sem eðlilegt er að íbúar um land allt hafi aðgengi að. Að auki hefur aukinn fjöldi ferðamanna haft þau áhrif að í raun eru mun fleiri sem þarfnast þjónustu heilbrigðisstofnanna en íbúatölur segja til um. Miðað við frumvarpið eins og það liggur fyrir núna **stendur Heilbrigðisstofnun Norðurlands (HSN)** til að mynda frammi fyrir 250-280 milljón króna niðurskurði milli ára. Stofnunin gegnir sérstaklega mikilvægu hlutverki á starfssvæðinu og er óboðlegt að skilja stofnunina eftir í slíkum rekstrar vanda.

Það sama á við um **Sjúkrahúsið á Akureyri (SAK)** en þar er svigrúmið til þróunar þjónustu lítið sem ekkert sem er miður þar sem SAK þjónustar stóran hluta landsmanna og er mikilvægt að þekking og þjónusta sé markvisst byggð upp á sjúkrahúsinu. Þá stefnir sjúkrahúsið í umtalsverðan rekstrarhalla og

er verulegt áhyggjuefni að ekki sé tillaga í þessum fjárlögum um að bæta gríðarlega erfiða rekstrarstöðu Sjúkrahússins á Akureyri (SAK). Þetta þýðir einnig að áfram mun vera verulegur halli á rekstri SAK í árslok, miðað við eðlilegt viðhald sem þó hefur verið dregið verulega úr sem ekki er æskileg staða. Uppsafnaður rekstrarhalli frá þessu ári mun því fylgja rekstrinum inn í næsta ár og fyrirséð að fjárheimildir munu ekki duga fyrir þeirri þjónustu sem SAK er að veita og talin er brýn þörf fyrir.

Stjórn SSNE lýsir einnig áhyggjum af því hversu mörgum fjárfestingaverkefnum á vegum stjórnvalda er frestað í frumvarpinu, en þar má meðal annars nefna stækkun hjúkrunarheimila á Húsavík og Akureyri, sem og frestun byggingar legudeildar við SAK en í þessum málaflökki er mjög uppsöfnuð þjónustubörf sem getur ekki beðið lengur.

Menntamál og rannsóknir

Staða framhaldsskólanna í fjárlagafrumvarpinu er verulega snúin, en ljóst er að fjárframlögin duga ekki fyrir reglubundnum rekstri miðað við launa- og vísutöluhækkunar. Staðan er nokkuð svipuð og hjá flestum öðrum stofnunum ríkisins utan höfuðborgarsvæðisins. Þar er ljóst er að húsaleiga er að hækka umtalsvert meira heldur en gert er ráð fyrir í frumvarpinu sem þýðir að einu niðurskurðarleiðirnar er fækkun starfsfólks. Þá er ljóst að ekki er verið að gera ráð fyrir réttum nemendafjölda til **Menntaskólans á Akureyri og Verkmenntaskólans á Akureyri** sem skekkir einnig umtalsvert framlög til þeirra. Stjórn SSNE vill hvetja fjárlaganefnd til að óska eftir skýringum á reiknilíkani ráðuneytisins er snýr að framhaldsskólunum, en allt bendir til þess að það sé löngu tímabært að uppfæra það.

Stjórn SSNE fagnar því að nú sé komið fram nýtt reiknilíkan fyrir háskólastigið og telur það raunar til fyrirmyndar, en vegna þess og í ljósi fyrirhugaðrar sameiningu **Háskólans á Akureyri** og Háskólans á Bifröst er erfitt að lesa í framlög til Háskólans á Akureyri á næsta ári. Stjórn SSNE leggur áherslu á að tryggt verði að sameinuð stofnuð hafi fjárframlög til að tryggja raunverulega uppbyggingu þekkingarsamfélagsins og þróun á því mikilvæga starfi sem hefur verið innan skólanna beggja. Einkum er mikilvægt að Háskólanum á Akureyri verði gert kleift að halda áfram þeirri þróun að bjóða upp á tæknitengt nám í auknum mæli.

Þá vill stjórn SSNE hvetja til þess að gerðir verði langtímasamningar um áframhaldandi eflingu **Þekkingarnets Þingeyinga** og **SÍMEY** en báðar stofnanir sinna mjög mikilvægum samfélagslegum verkefnum. Þá hefur þekkingarnetið jafnframt gengt mikilvægu hlutverki í stuðningi við nýsköpunarsamfélagið á svæðinu með uppbyggingu Hraðsins og samfélagsins þar. Þar er mikilvægt að stjórnvöld haldi áfram stuðningi sínum enda jafn mikilvægt að tryggja áframhaldandi rekstur og það var að styðja við uppbyggingu verkefnisins á sínum tíma.

Þá lýsir stjórn SSNE yfir áhyggjum af umtalsverðri lækkun á framlögum til **Náttúrustofu Norðurlands eystra**, en enn einu sinni er gert ráð fyrir umtalsverðri lækkun á framlögun til náttúrustofanna sem er áhyggjuefni, ekki síst í dag þegar rannsóknir á umhverfinu hafa sjaldan verið mikilvægari. Er þessi lækkun einnig í hrópandi ósamræmi við stefnumörkun ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum.

Samgöngumál

Stjórn SSNE telur mikilvægt að tryggt verði að **Samgönguáætlun** fyrir árin 2024-2038, ásamt aðgerðaáætlun fyrir árin 2024-2028 verði fullfjármögnuð og hvetur fjárlaganefnd til að líta til þess í vinnu sinni. Sérstaklega telur stjórn SSNE þó mikilvægt að leitast verði til að flýta samfélagslega mikilvægum framkvæmdum sem snerta öryggismál þeirra sem nýta samgöngurnar. Þar má meðal annars mikilvægi þess að **flýta jarðgangaframkvæmdum** á Tröllaskaga þá fyrst Siglufjarðarskarðsgöngum, framkvæmdum við einbreiðar brýr t.a.m. yfir **Skjálfandafliót og Jökulsá á Fjöllum**, og fleira mætti nefna.

Stjórn SSNE hvetur til þess að sett verði fjármagn til þess að **efla vetrarþjónustu** Vegagerðarinnar almennt. Vetrarþjónusta er sérstaklega mikilvæg þegar kemur að öryggismálum á svæðinu eins og til að mynda sjúkraflutningum um svæðið. Þá er sérstaklega mikilvægt að tryggja vetrarþjónustu á þeirri verðmætu fjárfestingu sem **Dettifossvegur** er. Fyrirsjáanleiki í þjónustu skiptir sérstaklega miklu í því samhengi til að tryggja bæði aðgengi fyrir flutningsaðila sem í auknum mæli nýta veginn til að koma dýrmætum útflutningsvörum til hafnar á Austfjörðum, auk þess að tryggja mikilvægt öryggi fyrir ferðamenn sem eru í sí auknum mæli að ferðast um svæðið allt árið um kring.

Þá telur stjórn SSNE sérstaklega mikilvægt að tryggt verði að **sjúkraþyrla verði staðsett á Akureyri**. Með þeirri staðsetningu yrði hægt að ná yfir 94% af landi og miðum miðað við 60 mínútna viðbragðstíma. Það þýðir aukið öryggi fyrir alla landsmenn.


Þá er mikilvægt að bætt verði í frumvarpið auknum stuðningi við sveitarfélögin til orkuskipta, einkum hvað snýr að **orkuskiptum á höfnum**. Ef það er raunverulegur vilji ríkisins að farið verði í orkuskipti á sjó þá er ljóst að því þarf að fylgja stuðningur til sveitarfélaganna til að byggja upp tengingar á höfnum landsins, en fæst sveitarfélög hafa í dag bolmagn til að standa undir slíkum umskiptum. Þess fyrir utan er mikilvægt að fyrirtæki ríkisins sjálf hafi tækifæri og tækni á að taka þátt í slíkri uppbyggingu orkuinnviða til orkuskipta, eins og til að mynda Landsnet og Rarik.

Að lokum vekur stjórn SSNE athygli á samdrætti á framlögum til samfélagslega mikilvægra stofnanna sem starfa á landsvísu, eins og **Fiskistofu** og **Jafnréttisstofu**, en með þessum samdrætti er ljóst að þeim er gert erfitt að sinna lögbundnum verkefnum sínum.

Stjórn SSNE áskilur sér rétt til að veita umsögn um málið á seinni stigum og lýsir sig jafnframt tilbúna til samtals við fjárlaganefnd vegna málsins.

Virðingarfyllst,

f.h. SSNE



Albertína Friðbjörg Elíasdóttir,
Framkvæmdastjóri